



Fundargerð samgöngunefndar SSA Fundur nr. 1 starfsárið 2014 – 2015

Fundur var haldinn í samgöngunefnd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi föstudaginn 19. desember 2014, kl. 14:30 í húsakynnum Austurbrúar, Tjarnarbraut 39 e, Egilsstöðum.

Á aðalfundi SSA sem haldinn var á Vopnafirði 19. og 20. september sl. voru eftirtaldir kosnir í samgöngunefnd starfsárið 2013-2014:

Aðalmenn:

Gunnlaugur Stefánsson
Jakob Sigurðsson
Anna Alexandersdóttir
Gunnþórunn Ingólfssdóttir
Margrét Guðjónsdóttir
Einar Már Sigurðarson
Eyjólfur Sigurðsson
Andrés Skúlason

Varamenn:

Arnaldur Sigurðsson
Helgi Hlynur Ásgrímsson
Páll Sigvaldason
Lárus Heiðarsson
Elfa Hlín Pétursdóttir
Kristín Ágústsdóttir
Hrund Snorradóttir
Júlía Hrönn Rafnsdóttir

Mættir: Andrés Skúlason, Jakob Sigurðsson, Elfa Hlín Pétursdóttir (í forföllum Margrétar Guðjónsdóttur), Einar Már Sigurðarson, Gunnlaugur Stefánsson, Anna Alexandersdóttir og Eyjólfur Sigurðsson. Gunnþórunn Ingólfssdóttir var fjarverandi. Auk þess sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnastjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð.

BB setti fundinn og stjórnáði kosningu formanns.

1. Kosning formanns og varaformanns samgöngunefndar starfsárið 2014-2015. Óskað var eftir uppástungum til formanns og varaformanns og bárust tillögur um að Einar Már Sigurðarson yrði formaður og Anna Alexandersdóttir varaformaður. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. BB fól því næst EMS stjórn fundarins.
2. Farið yfir erindisbréf samgöngunefndar sem samþykkt var á aðalfundi SSA í september sl. EMS fór yfir þær breytingar sem gerðar voru á erindisbréfi sem og helstu atriðum þess. Ákveðið að fundarboð og gögn yrðu send bæði til aðal- og varamanna í nefndinni og aðalmenn boði varamenn til fundar í forföllum. Ákveðið að miða við að fundargerðir verði hafðar uppi á skjá á fundum nefndarinnar og hún verði með þeim hætti frágengin og undirrituð í lok hvers fundar. Nefndin samþykkti einnig að birta fundargerðir strax eftir fundi á vef SSA, með fyrirvara um staðfestingu stjórnar SSA líkt og kveður á um í 9. gr. erindisbréfsins.
3. Ályktun frá Fjarðabyggð dags. 3. des. 2014. Beiðni eigna-, skipulags- og umhverfisnefndar og bæjarráðs Fjarðabyggðar um að samgöngunefnd SSA skoði kosti og galla þess að almenningsamgöngur á Austurlandi verði settar í byggðasamlag í samstarfi við önnur sveitarfélög á Austurlandi. Samþykkt að málið verði skoðað og rætt áfram og er verkefnisstjóra falið að senda nefndinni síðustu stöðumatsskýrslu v/ almenningsamganga á starfssvæðinu sem og minnisblað um m.a. lagamma þar um til nefndarmanna. Samþykkt að vísa erindinu til frekari



umræðna á næsta fundi og afla upplýsinga sem þurfa þykir til að varpa skýrari sýn á stöðu almenningsamgangna á starfsvæðinu eins og staðan er í dag.

4. Önnur mál.

- Samgöngunefnd SSA lýsir yfir áhyggjum af rýru framlagi til nýframkvæmda í vegagerð sem liggur að óbreyttu fyrir á fjárlögum. Nefndin felur verkefnastjóra að óska eftir því við vegamálastjóra að fulltrúi Vegagerðarinnar mæti á næsta fund nefndarinnar til að fara yfir stöðu og horfur á framkvæmdum á starfsvæði SSA og fari þar yfir bæði skemmri og lengri tíma samgönguáætlun. Auk þess að ræða önnur brýn málefni er snúa að þjónustu vegagerðarinnar almennt á svæðinu.
- Gert er ráð fyrir að næsti fundur verði þriðjudaginn 17. febrúar nk. á Egilsstöðum.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 15.50.

Björg Björnsdóttir
Verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála